

Greinagerð vegna endurnýjunar starfsleyfis verksmiðju SVN á Seyðisfirði.

Núgildandi starfsleyfi var gefið út 23. september 2003 og gildir til 1. febrúar 2014. Litlar sem engar breytingar hafa orðið á tækjabúnaði verksmiðjunnar á þeim tíma.

Núverandi starfsemi verksmiðjunnar:

Verksmiðjan er staðsett í útjaðri byggðar við sunnanverðan fjörðinn. Löndun og afskipanir afurða fara fram á verksmiðjusvæðinu.

Afkastgeta verksmiðjunnar er að jafnaði 1200 tonn á sólahring og leyfileg hámarksafköst samkvæmt starfsleyfi 1400 tonn á sólahring.

Hinn síðari ár hefur verksmiðjan tekið á móti 35.000 – 65.000 tonnum af hráefni á ári aðalega í formi loðnu og kolmunna. Vinnslutími er frá janúar til júní. Allt hráefni er geymt í lokuðum tönkum.

Orkunotkun verksmiðjunnar er í formi rafmagns og svartolíu. Þurrkun á mjöli fer fram í tveimur gerðum af þurrkurum, forþurrkun fer fram í gufuþurrkara og eftirþurrkun í heitloftsþurrkurum sem nota svartolíu. Öll gufa í verksmiðjunni er framleidd með rafkatli sem er 20 Mw að stærð en leyfileg framleiðsla er 15 Mw. Rafmagnið inn á rafketilinn er svokölluð ótryggð raforka og eru olúkatlar notaðir sem varaafli.

Soðeimingatæki verksmiðjunnar eru endurþjöppunar eimingatæki sem nota eingöngu raforku.

Fjögurra þrepa fallstraumseimingatæki eru til vara.

Verksmiðjan er með vinnsluleyfi frá MAST A-618 sem gildir til 26.05.2022, vottun frá IFFO Global Trust sem gildir til 17.10.2015 og vottun frá FEMAS sem gildir til 09.03.2016.

Unnið er eftir HACCP gæðakerfi í verksmiðjunni og allt innra eftirlit er samkvæmt því. Skilað er árlega inn „Grænu bókhaldi“ til Umhverfisstofnunar. Skilað er inn til eftirlitsaðila niðurstöðum

frárennismælinga og TVN-gildi í hráefni. Ávallt er tilkynnt til eftirlitsaðila um gangsetningu ef meira en einn mánuður hefur liðið frá síðustu vinnslu.

Rannsóknastofa er í verksmiðjunni þar sem fylgst er með ferskleika hráefnis, fitu og vatni í framleiðsluferli, efnagreiningum á mjöli og lýsi, ásamt gerlamælingum. Að auki eru send sýni til Matís, til mælinga á salmónellu, iðragerlum og rotamínunum, sem og sýni reglulega af lýsi til mælinga á dioxini, PCB og öðrum óæskilegum efnunum. Haldið er utan um allar gæðaskráningar.

Viðbragðsáætlun er til vegna hugsanlegrar hættu bráðrar mengunar og er áætlunin aðgengileg öllum starfsmönnum.

Helstu orkutölur eru:

Svartolíunotkun 20 kg/hráefnistonn

Raforkunotkun (ótryggð orka) 200 – 280 kwst/hráefnistonn.

1 Almenn ákvæði.

- 1.1 Rekstaraðili er óbreyttur frá síðasta starfsleyfi, Síldarvinnslan hf, Strandarvegi 1-11, 710 Seyðisfirði, kennitala 570269-7479

- 1.2 Hámarksafköst verksmiðjunnar samkvæmt núgildandi starfsleyfi er 1400 tonn/sólahríng.
Flokkun og frýsting loðnu hefur verið framkvæmd af frýstihúsi staðarins og verksmiðjan tekið við fráflokkaðri loðnu. Ekkert hefur verið um slíkt hráefni hin síðari ár.
- 1.3 Átak hefur verið gert í að gera hús og umhverfi verksmiðjunnar snyrtilegt með málun, bundnu slitlagi á lóð og gróðursetningu.
- 1.4 Engar breytingar hafa verið gerðar á rekstri.
- 1.5 Tilkynningar til eftirlitsaðila varðandi gangsetningu eftir langt stopp hafa alltaf verið sendar.
- 1.6 Engin krafa hefur komið hvað varðar endurskoðun starfsleyfis.
- 1.7 Verksmiðjan hefur skilað árlega „Grænu bókhaldi“ til Umhverfisstofnunar.
- 1.8 Allar breytingar sem hafa verið gerðar á verksmiðjunni í gegnum tíðina hafa snúið að bættri orkunýtingu, rafvæðingu í stað olíu og að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

2 Meðhöndlun hráefnis.

- 2.1 Löndunarbúnaður er þéttur og allt hráefni og löndunarloð er geymt í geymum. Allur löndunarloð og skolvökvur er tekinn til vinnslu í verksmiðjunni.
- 2.2 Í löndunarloð eru 2 x 15 m³ geymar fyrir löndunarloðva og að auki 3 x 50 m³ geymslugeymar. Yfirfall frá þeim er leitt í hreinsibúnað.
- 2.3 Ekki er um flutning á fiski eða fiskafskurði að ræða.
- 2.4 Hráefnisgeymar eru 3 x 2500 m³ og eru þeir þéttir, allt blóðvatn úr þeim og skolvatn er tekið til vinnslu í verksmiðjunni.
- 2.5 Fiskafskurður berst ekki til verksmiðjunnar.
- 2.6 Þar sem stór hluti hráefnis berst verksmiðjunni yfir vetrarmánuðina hefur hámarks TVN gildi ekki verið að há verksmiðjunni. Allur kolmunnur er kældur um borð í fiskiskipi.
- 2.7 Íblöndun rot- og þráavarnarefna er gerð með sjálfvirkum skömmtunarbúnaði.

3 Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 3.1 Reynt er að halda loftmengun sem mest niðri með því að vinna ávallt sem ferskast hráefni. Tilkynnt er þegar TVN mælist yfir viðmiðunarmörkum.
- 3.2 Loftræst er frá öllum helstu einingum í blautvinnslu og leitt í lykkeyðingu. Loft frá mjölvinnslu fer í gegnum rykskilju.
- 3.3 Loft frá gufuburrkara er nýtt til forhitunar á hráefni og síðan í þvottaturn og lykkeyðingu. Loft frá loftþurrkurum fer í gegnum rykskilju og þvottaturn, síðan til lykkeyðingar.
- 3.4 Lykkeyðing er framkvæmd í þvottaturni og síðan með brennslu í eldholum loftþurrkaranna. Hitastig er um 900°C.
- 3.5 Hæð skorsteins er yfir einni og hálfri húshæð miðað við gólfhlöt nærliggjandi húsa.
- 3.6 Soðeimingatæki eru útbúinn dropagildru og eru með afköst sem hæfa verksmiðjunni. Allt soðvatn er nýtt.
- 3.7 Hreinsiefni svo sem vísisóði og sýrur er endurnýtt eins og hægt er, og hafa mælingar á PH-gildi sýnt að það er innan leyfilegra marka.
- 3.8 Allt frárennsli frá verksmiðjunni er leitt í hreinsibúnað og fitugildru og fita og föst efni eru tekin til vinnslu í verksmiðjunni. Olúskilja 4,5 m³ er á frárennsli frá gólfum í olúkatlarými, sogað er upp úr gildrunni þegar þörf er á og sent á viðurkenndan förgunarstað.
- 3.9 Mæld eru fita, sviefni og COD í frárennslisvatni.

- 3.10 Árlega er skilað inn frárennismælingum til Umhverfistofnunar.
- 3.11 Vegna fjarlægðar við fráveitu bæjarins er illmögulegt að tengja salerni verksmiðjunnar bæjarkerfinu. Leitað er annarra lausna og hefur bæjarstjórnin á Seyðisfirði falið byggingafulltrúa að skoða mögulegar lausnir.
- 3.12 Unnið er að smíði varnarþróar í kringum lýsisgeyma og er áætlað að því verði lokið 30. september 2013.
- 3.13 Einungis er um að ræða daggeymi sem er innan við 10 m³ að stærð.
- 3.14 Heimilísúrgangur (kaffistofuúrgangur) er flokkaður og hluti fer í endurvinnslu, úrgangsolútankur er þjónustaður af olíufélagi, brotajárn fer til endurvinnslu.
- 3.15 Fyrirtækið reynir að nota umhverfisvæn hreinsiefni ef sá kostur er í boði, vítissódi og sýra er endurnýtt.
- 3.16 Vinnueftirlit mældi hávaða í verksmiðjunni fyrir nokkrum árum, starfsmenn nota heyrnahlífar við vinnu sína. Ekki hafa borist kvartanir frá nágrönnum vegna hávaða.
- 3.17 Skrifleg viðbragðsáætlun er til staðar, tilkynningar um óhöpp og bilanir berast eftirlitsaðila.
- 3.18
- 3.19 Niðurstöður TVN-gilda og mælingar á frárennili eru sendar eftirlitsaðila.

4 Innra eftirlit fyrirtækisins.

- 4.1 Fita úr fituskilju er unnin. Magn og gerð spilliefna koma fram í grænu bókhaldi. Gerð er viðhaldsáætlun til að tryggja öruggan rekstur vélbúnaðar verksmiðjunnar.
- 4.2 Eftirlitsmælingar á TVN-gildi og hitastigi hráefnis er mælt nokkrum sinnum á sólahring. Rennismæling á frárennili er gerð einu sinni á ári sem og mæling fitu,svifefna og COD. Skráning ástands hráefnis, hitastigs og notkun rotvarnarefna við löndun er skráð.
- 4.3 Viðbragðsáætlun er til staða hjá fyrirtækinu.

5 Tæknilegar upplýsingar.


- 5.1 Gufukatlar: Tveir Loos olúkatlar með afköst upp á 12 – 14 tonn/klst gufu og einn rafketill með afköst upp á 22 tonn/klst gufu. Olúkatlarnir eru varaafli, og rafmagnið inn á rafketilinn er svokölluð ótryggð raforka.
- 5.2 Þurrkarar: Einn Haarslev gufuþurrkari með eimingarafköst upp á 5000 kg/klst, tveit Hetland loftþurrkarar með eimingarafköst upp á rúm 7000 - 7500 kg/klst hvor.
- 5.3 Hreinsibúnaður frárennslis: Fituskilja frá Fiskteknia afköst 70 m³ /klst, forsíun færiband frá Samstál möskvastærð 0,5-1 mm
- 5.4 Sjóðarar: Tveir sjóðarar eru í verksmiðjunni einn frá Atlas og einn frá Hetland afkastgeta á hvorum fyrir sig 600 – 700 tonn hráefni á sólahring.
- 5.5 Pressur: Tvær Atlas Babbini pressur, hvor með afköst upp á 650 tonn af hráefni á sólahring.
- 5.6 Skilvindur: Tvær Alfa Laval 213 vélar á gróflýsi, þrjár Alfa Laval 417 vélar á soðlýsi og ein 417 Alfa Laval á soðkjarna ásamt einni Alfa Laval 213 vél bæði á soðkjarna og soðlýsi.
- 5.7 Mjölskilvindur: Tvær Alfa Laval 934 og ein Alfa Laval 438.
- 5.8 Blóðvatnsgeymar: 3 x 50 m³ og 2 x 15 m³.
- 5.9 Hráefnisgeymslur: 3 x 2500 m³.
- 5.10 Soðeimingatæki: Atlas endurþjöppunartæki með eimunarafköst upp á 32-35 m³/klst og Rosenblad fallstraumstæki (til vara) með eimunarafköst upp á 26 m³/klst.

- 5.11 Lýsisgeymar: Þrjár lýsisgeymar 2450 m³, 550 m³ og 290 m³
- 5.12 Olíugeymir er í eigu Olíudreifingar og er hann u.þ.b. 1000 m³
- 5.13 Olíudaggeymir er innan við 10 m³, er geymirinn með hæðarrofa, aðvörunarbúnaði og neyðarrofa.
- 5.14 Mjölgeymsla: Mjölhús sem tekur 5.500 tonn af mjöli í sekkjum og 6 x 1000 tonna mjölgeymar undir laust mjöl.

Hér á neðar koma tvær myndir sem sýna vinnsluferlið í verksmiðjunni.

F.h Síldarvinnslunnar hf

Gunnar Sverrisson
Rekstrarstjóri Fiskmjölsverksmiðja.





Blað 2 af 2

